

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 16. júní 2000 nýtt deiliskipulag sunnan við Þelamörk, Hveragerði (Réttarheiði og Bjarkarheiði).

Tilheyrandi greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 20. febrúar 2002.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“ vegna Eyrartraðar 12 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2002 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“ vegna Eyrartraðar 12 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur hússins er stækkaður og breytt er aðkomu að húsinu.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. febrúar 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

1. gr.

Við 9. mgr. 3. gr. bætist svohljóðandi málslíður:

Varðandi flokka H3 til H8, H10 og H11 í ofangreindum viðauka skal miða við mörk sem tilgreind eru í viðauka VI með tilvitnaðri reglugerð.